



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Strandabyggð
Hafnarbraut 25
510 Hólmavík

Reykjavík 7. febrúar 2023
Tilv.: IRN22120095/4.13.2

Innviðaráðuneytinu hefur borist hjálögð kvörtun vegna meintrar ólögætrar stjórnsýslu Strandabyggðar, nánar tiltekið að framkvæmd sveitarstjórnarfunda hafi ekki verið í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Verður erindið sett í þann farveg að ráðuneytið hyggst taka til skoðunar hvort að ástæða sé til að fjalla formlega um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga er hér með óskað eftir umsögn sveitarfélagsins um aðdraganda og meðferð málsins og þau lagasjónarmið sem afgreiðsla sveitarfélagsins byggði á í umræddu máli.

Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu rafrænt í netfangið irn@irn.is, eigi síðar en miðvikudaginn 21. febrúar nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Björn Ingi Óskarsson